



Land og skógur

Útgefið gæðaskjal: Stefnuskjal

Skjalanúmer: SSK-3.4.2

Útgáfa: 0.1

Útg.dags: 01/01/2024

Áb.maður: Forstöðumaður Lands og skógar

3.4.2 Jafnlaunastefna Lands og skógar

Jafnlaunastefna þessi tekur til Lands og skógar og alls starfsfólks stofnunarinnar. Hún kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Lands og skógar þau réttindi sem kveðið er á um í 6. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Lands og skógar og er endurskoðuð árlega.

Allt starfsfólk á að njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Land og skógur greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem störf gera um menntun, þekkingu, hæfni og ábyrgð. Starfsfólk fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og launastefnu Lands og skógar, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Lands og skógar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja m.a. launajafnrétti. Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Land og skógur sig til að skjalfesta, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.

Forstöðumaður Lands og skógar ber ábyrgð á jafnlaunakerfi stofnunarinnar sem og á jafnlaunastefnu og þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu. Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012 og er framkvæmdaaðili jafnlaunakerfisins fyrir hönd forstöðumanns.



Markmið Lands og skógar er vera eftirsóttur vinnustaður og að öll hafi jöfn tækifæri í starfi. Til að ná því markmiði og til að fylgja eftir jafnlaunastefnu þessari mun Land og skógar:

- Viðhalda og skjalfesta vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. 4.2
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kynjum og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt samkvæmt áætlun og framkvæma rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki stofnunarinnar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á vef Lands og skógar.

Staðfest með rafrænni undirritun.

Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður

Höfundur/ar: Sigurbjörg B. Ólafsdóttir